



Bjarni Frimann. „Mér finnst framagirnd hafa elst af mér og það stendur mér kannski dálítið fyrir þrifum þegar kemur að hljómsveitarstjórn.“

Morgunblaðið/Golli

„soundið“, sem er dálítið eins og þegar menn tapa sér í því að velja dekk undir bíla. Ef ég mun leggja fyrir mig hljómsveitarstjórn, þá verður mitt metnaðarmál músíkölsk fram-sögn og það að láta tónana tala.“

*Stefnirðu meðvitað hátt í tónlistinni?*

„Um tíma langaði mig til að verða þekktur og að baki þeirri þrá var draumurinn um að geta helgað mig tónlistinni sem er ekki auðvelt og fáum hlotnast. Þegar ég fór að þroskast áttaði ég mig á því að hugur minn stefndi ekki til frægðar. Mér finnst framagirnd hafa elst af mér og það stendur mér kannski dálítið fyrir þrifum þegar kemur að hljómsveitarstjórn. Samnemendur mínir í Berlín eru margir reknir áfram af framagirnd, eru stefnufastir og nískir á tíma sinn og einblína á framann. Ég er sjaldnast þannig sjálfur, nema kannski stuttan tíma í senn, þegar stór verkefni standa fyrir dyrum.“

*Hvar heldurðu að framtíð þín í tónlist muni liggja, muntu einbeita þér að hljómsveitarstjórn, því að spila eða semja tónlist eða muntu gera allt þetta?*

„Ég get hugsað mér að gera hvað sem er. Ég sé ekki endilega fyrir mér að sitja og skrifa nákvæm símfónísk verk. Ég er maður augnabliksins. Þótt ég sé ekki flinkur í því að spila djass þá er ég góður í því að spila eftir eyranu og spuni á betur við mig en það að skipuleggja eitthvað í þaula. Eins er með lífið sjálft. Mér finnst skemmtilegast að taka þátt í tónlist þar sem fólk nýtur augnabliksins og hefur ekki of miklar áhyggjur af framhaldinu. Ég er ekki gefinn fyrir fólk sem tekur sig of hátiðlega. Mér er hinsvegar stundum legið á hálsi fyrir að taka mig ekki nægilega alvarlega, sem er allt annar hlutur og kannski engu skárrí. Ég veit að jafnvel þótt ég geti ekki haft lífbrauð af því að spila tónlist þá mun ég spila og fást við tónlist meðan mér endist aldur.“

## NATUZZI – hágæða ítölsk hönnun



NATUZZI endurspeglar fullkominn samhljóm og kjarna ítalskrar hönnunar. Það er æðislegt að upplifa hlýja og kósý stemningu í NATUZZI umhverfi. Staður þar sem fólk líður vel.

Komið og upplifið NATUZZI galleríið okkar

100% made in Italy  
www.natuzzi.com

Natuzzi Hvítur leðursófi Model 2497, Ct.15, lengd 226cm rafmagn í sætum kr. 739.000  
Natuzzi Bacco motta 240x170 verð kr. 99.000 – 270x190 verð kr. 129.000  
Natuzzi Wisdom lampi verð kr. 179.000  
Natuzzi Hvítur vasi á borði verð kr. 7.490  
Natuzzi Base vasi á borði verð kr. 9.900

**Casa**

Skeifunni 8 | sími 588 0640 | casa.is



## Viðtal

# Að enda- mörkum innsæisins

SYSTKININ ARNDÍS HRÖNN OG HÖGNI EGILSBÖRN VORU UNG GEFIN LISTINNI. EGI AÐ SÍÐUR HAFU ÞAU EKKI UNNIÐ SAMAN FYRR EN NÚ. ARNDÍS LEIKUR Í LEIKRITI TYRFINGS TYRFINGSSONAR, BLÁSKJÁ, Í BORGARLEIKHÚSINU OG HÖGNI SÉR UM TÓNLISTINA. ÞAU RÆÐA HÉR UM LÍFIÐ, LISTINA, SAMBAND SITT, VEIKINDI HÖGNA OG SÁRAN BRÓÐURMISSI.

Texti: Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is  
Mynd: Kristinn Ingvarsson kring@mbl.is

**H**ögni Egilsson heilsar mér gegnum eldhúsgluggann. Rammast vel inn. Ég hef greinilega veðjað á réttar tröppur. Til dyra kemur systir hans, Arndís Hrönn. Ég á erindi við þau bæði og það af skemmtilegu tilefni. Systkinin, sem lengi hafa fengist við listsköpun, vinna nú í fyrsta skipti saman – ef undan er skilið lag sem þau sungu saman í brúðkaupi bróður þeirra. Vettvangurinn er Borgarleikhúsið og verkefnið nýtt leikrit eftir hússkálidið sjálf, Tyrfing Tyrfingsson.

Bláskjár nefnist verkið og er íslenskt gamandrama, með súrum keim. Fjallar um einlæga löngun tveggja systkina í Kópavogi (skammt frá Hamraborg) til að endurnýta sig og byrja lífið upp á nýtt. Reyndar fjallar það um sitthvað fleira, til dæmis feðraveldið, grimmdina, ofbeldið og veikburða getu okkar til þess að segja hvert öðru satt – og svo auðvitað Bláskjá og sígaunana.

„Þetta hefur verið bráðskemmtilegt. Við systkinin erum mjög nán og umgöngumst mikið en það er svolítið öðruvísi að skapa eitthvað saman,“ segir Arndís þegar við höfum komið okkur fyrir í betri stofunni.

Högni tekur undir það. „Ég held að öll systkini hafi gott af því að gera svona lagad, kynna á faglegum nótum.“

Hann kveðst hafa droppað inn hér og þar í ferlinu og lagt inn efni. Nú sé allt að smella saman og eftirvæntingin mikil. „Það getur margt gerst síðustu tvær vikurnar fyrir frumsýningu,“ segir hann en Bláskjár verður frumsýndur á Litla sviðinu á laugardaginn eftir viku.

## Úr kjölfötum í Havaískyrta

Högni og Tyrfingur eru gamlir vinir úr Menntaskólanum við Hamrahlíð. „Við vorum saman í kórnum og ég samdi tónlistina við fyrsta leikritið hans sem sýnt var úti á Granda fyrir nokkrum árum, Mamma, af hverju heiti ég Pavel?“ segir Högni. „Það var í fyrsta skipti sem ég samdi fyrir leikhús. Raunar í fyrsta skipti sem ég samdi eitthvað yfirhöfuð. Það er alltaf áhugavert að vinna með hugmyndaríku fólki eins og Tyrfingi og fyrir vikið þurfti ég ekki að hugsa mig um tvisvar áður en ég hoppaði á lestina.“

Tyrfingur vakti snemma athygli í MH fyrir frumlega framkomu. „Hann og vinur hans gengu á tímabili um í kjölfötum með pípuhatta í skólanum. Skiptu síðan yfir í Havaískyrta,“ rifjar Högni upp brosandí. „Þeir voru líka með skemmtilega bloggsíðu á þessum tíma. Sniðugir strákar. Strax þarna setti Tyrfingur ákveðið viðmið fyrir aðra í kringum sig.“

Hann segir Tyrfing eiga erindi sem leikskáld. „Hann vinnur í svörtum absúrdisma sem í eðli sínu er ögrandi. Fantasían er sterk í honum.“

Arndís kveðst strax hafa veitt Tyrfingi athygli. „Ég sá Mamma, af hverju heiti ég

Pavel? og hreifst af sýningunni. Maður sér það í augunum á Tyrfingi að hann er mikill leikhúsmáður. Þess vegna er skemmtilegt að fá tækifæri til að leika í verki eftir hann núna. Þótt Tyrfingur sé ungur að árum hefur hann góða tilfinningu fyrir leikhúsinu, ekki síst aðstæðum leikarans. Hann hefur líka mjög næma tilfinningu fyrir tungumálinu. Hvert orð hefur tilgang. Tyrfingur er fyndinn að upplagi og mikill sögumaður sem hikor ekki við að fara út á ystu nöf. Hann er djarft leikskáld.“

Sextán ára aldursmunur er á Arndísi og Högna. Hún er fædd 1969 en hann 1985. Þau hafa að vonum fylgst vel með listsköpun hvort annars gegnum tíðina.

„Ég er ofboðslega stolt af Högna,“ segir Arndís. „Það er svona blanda af systur- og móðurtilfinningu út af aldursmuninum. Ég sá snemma að hann myndi verða listamaður. Hann var svo opin og móttækilegur fyrir list og sköpun. Hann teiknaði mikið sem barn og fékk þannig útrás fyrir sköpunarþörf sína. Mér datt líka í hug að hann yrði sálfræðingur. Jafnvel heimspekingur.“

Högni kinkar kolli. „Ég var mikið að velta fyrir mér lífinu og tilverunni. En sem betur fer endaði ég ekki sem sálfræðingur.“

Þau hlæja.

## Ofboðslega leiðinleg í hálf ár

Högni teygir sig nú í sígarettupakka og spyr hvort okkur sér sama þótt hann reyki. Okkur er það.

„Ég er nefnilega hætt að reykja. Fyrir fimm árum,“ upplýsir Arndís.

Hvernig ætli það hafi gengið?

„Bara vel. Ég var að vísu ofboðslega leiðinleg í hálf ár en góð eftir það.“

Högni heldur út í heim. „Meðan ég var að alast upp bjó Arndís í útlöndum. Fyrst í París og síðan Vínarborg. Það var alltaf jafngaman að koma til hennar. Maður fékk innýn í hið bóhemíska listalíf. Arndís reykti, það voru tómar rauðvínslöskur á eldhúsborðinu heima hjá henni, bækur út um allt, málverk og þröngir gangar. Svo var farið á söfn. Ég er ekki í vafa um að allt hefur þetta haft áhrif á mig. Ég tengdi strax við þetta líf.“

Honum eru heimsóknirnar til Vínarborgar sérstaklega minnisstæðar. „Sambýlismaður Arndísar á þessum tíma var myndlistarmaður og það voru stór svört málverk upp um alla vegg. Hann hlæjandi og bullandi. Furðulegur maður en afskaplega heillandi. Allt fléttaðist þetta saman við stóíska hugleiðingu mína um heiminn. Af hverju þetta og af hverju hitt?“

Sjálfur bjó Högni í Brussel um fjögurra ára skeið, frá tólf til sextán ára aldurs, ásamt foreldrum sínum og bræðrum, Andra og Hrafnkeli Orra.

Arndís flutti um tvítugt til Parísar. „Það eina sem ég vissi fyrir vist á þeim tíma var að ég ætlaði að búa í París,“ segir hún.

Um aldur og ævi?

„Já, örugglega. Ég byrjaði á því að fara í



frönsku og leikhúsfraeði en uppgötvaði síðan að ég vildi verða leikkona. Eftir leiklistarnám starfaði ég með tilraunaleikhópi í Vínarborg. Var mjög heppin. Síðan slitnaði upp úr sambandinu sem ég var í og þá flutti ég heim. Síðan eru liðin fimmtán ár.“

## Fær stundum panikköst

Arndís hefur komið víða við í íslensku listalífi. Leikið á sviði hér syðra og á Akureyri og í sjónvarpi. Margir muna eflaust eftir henni úr spennuþáttaröðinni Pressu á Stöð 2. Þá hefur hún unnið töluvert við dagskrárgerð á Ríkisútvarpinu og sem leiðsögumaður. „Ég hef vafrað út og inn, eins og gengur. Yfirleitt kann ég því vel að vera sjálfstætt starfandi enda þótt það geti á köflum verið erfitt, eiga þarf fyrir salti í grautinn. Maður fær stundum panikköst.“

Hún hlær.

Maður Arndísar er Eiríkur Stephensen og eiga þau eina dóttur, Úlfhildi Júlíu, fjögurra ára. Fyrir átti Eiríkur son og dóttur, Ólaf og Þórhildi. „Ég var svolítið seinþroska hvað þetta varðar en gæti ekki verið hamingjusamari en ég er núna. Það er besta tilfinning í heimi að eiga barn. Hún er algjör

guðsgjöf, hún Úlfhildur mín. Það er fyndið hvað hlutirnir breytast. Hér áður þurfti ég að vera alls staðar, annars hélt ég að ég væri að missa af einhverju, en núna vil ég helst hvergi vera nema heima með mannum mínum og dóttur. Heitir það ekki að þroskast?“

Hún brosir.

Högni var um nokkurra ára skeið í sambandi en býr nú einn. Hann á stjúp dóttur úr því sambandi, Embla, nú ára, sem hann hefur haldið góðum tengslum við. „Embla er partur af fjölskyldunni,“ segir Arndís.

Þrátt fyrir áratug í útlöndum segir Arndís foreldra sína og bræður alltaf hafa verið nálæga. „Þegar ég hugsa til baka var engin fjarlægð á milli okkar. Við nálgumst líka hratt eftir að ég flutti heim. Í dag er ég steinhætt að finna fyrir aldursmuninum, finnst Hrafnkell Orri, Högni og Andri tvíburabróðir hans ekkert yngri en ég.“

Fjórði bróðirinn, Egill Högni, lést eftir stutt veikindi tæplega fimm ára gamall. Fráfall hans hafði að vonum djúpstæð áhrif á fjölskylduna. „Lítil börn eiga ekki að deyja,“ segir Arndís. „Ég var fimmtán ára þegar þetta gerðist, á miðri gelgjúnni. Sorg-



✿ *Sennilega er engin leið betri og heiðarlegri til að gera upp en listin. Hún leysir hnúta og verður manni heilun. Súmmerar upp á heildrænan hátt.*

Systkinin Arndís  
Hrönn Egilsdóttir  
og Högni Egilsson.

inni fylgdi reiði – út í Guð og alla. Hvers vegna var bróðirinn minn tekinn frá mér? Svo varð mamma aftur ólétt, að tvíburum. Mögulega hefur tengingin við þá orðið sterkari fyrir vikið. Þeir urðu strax svo dýr-mætir vegna þess að við vissum að það væri ekki sjálfsagt að þeir væru til. Hvort það er út af þessu eða einhverju öðru þá hefur mér alltaf fundist ég bera ábyrgð á Andra og Högna.“

### Hugmyndir um dauðann

Högni segir bróðurmissinn líka hafa fylgt sér alla tíð. „Meðan ég var barn sat alltaf í mér einhver hugmynd um þennan horfna bróður minn. Og gerir enn. Það voru myndir af honum á heimilinu og um hann var talað. Svo ber ég nafn hans. Þetta fékk mig til að velta fyrir mér úr hverju ég væri gerður. Sögur eins og Bróðir minn ljónshjarta snertu mig djúpt og eflaust hef ég snemma þróað með mér hugmyndir um dauðann. Börn dreymir almennt mjög mikið og lifa innra lífi, það er að segja lífi sem ekki er í tengslum við veruleikann. Þetta var vatn á þá myllu. Ævintýrið innra með mér varð ljóslifandi og dró fram sköpunina

sem mér þykir svo afskaplega vænt um. Og mín sköpun snýst um að tjá fegurðina í lífinu.“

Fyrir rúmu ári steig Högni fram svo eftir var tekið og ræddi opinskátt um veikindi sín en hann hefur glímt við geðhvörf.

Arndís segir bróður sinn hafa sýnt mikið hugrekki. „Þetta var glæsilegt hjá þér,“ segir hún og ávarpar hann beint. „Það hefur verið tabú að ræða um geðsjúkdóma en sem betur fer er það að breytast. Þú átt þinn þátt í því. Þú ert áberandi persóna í samfélaginu og fyrir vikið vekja orð þín mikla athygli. Geðsjúkdómar geta verið upp á líf og dauða og því meira sem við afdramatíserum þá þeim mun betra. Umræðan hlýtur að vera af hinu góða. Við vissum að þér leið illa og vorum hrædd um þig. Einmitt þess vegna var mikilvægt að tala um það en ekki breiða yfir. Það er enginn sem lifir bara eftir beinni braut og stígur aldrei út af sporinu. Ég er rosalega stolt af þér, Högni minn!“

Hann drúpir höfði.

„Það var í sjálfu sér ekki erfitt að stíga þetta skref. Opna sig,“ segir hann eftir stutta þögn. „Mér hafa alltaf þótt leynd-

armál leiðinleg. Skitug og leiðinleg. Það er ekkert í þessum heimi svo ómerkilegt að ekki megi tala um það. Þess vegna fannst mér þetta alls ekki óþægilegt. Þvert á móti hjálpaði það mér að tala um þetta. Koma mínum raunum í orð. Viðbrögðin létu heldur ekki á sér standa.“

Að hans dómi er mikilvægt að skapa sam-eiginlega vitund um geðsjúkdóma. „Allir sem eiga í átökum við eigin huga kannast við ýkta drauma, ofsjónir og vitranir. Allt er þetta náteengt sköpuninni og mörkin oft og tíðum óljós. Einmitt þess vegna er gott að skapa umræðu um þessa hluti. Kjarni málsins er sá að bati er til. Það er svo mikilvægt. Það er enginn dauðadómur að greinast með geðsjúkdóm.“

### Skildi ekki áhyggjurnar

Í því felst mikill lærdómur fyrir ungan mann að missa fótanna um stund og lenda inni á geðdeild. „Hugmyndir mínar voru háleitar og um margt fallegar. Ég sveif. Í manni míni upplifði ég mig ekki sem veikan og skildi ekki hvers vegna mínir nánustu höfðu áhyggjur af mér. Ég skil það nú. Það var mikil lífsreynsla að vera inni á geðdeild.

Þar var klárasta fólk sem ég hef hitt á ævinni. Mennskt inn að kjarna.“

Hann þagnar.

„Þarna má segja að Högni hafi verið kominn að endamörkum innsæisins. Við áttum mörg töfrandi samtöl á þessum tíma. Innihaldsrík samtöl sem hjálpuðu mér ekki síður en honum,“ segir Arndís.

Högni kinkar kolli.

„Það er yndislegt að hafa fengið hann til baka. Með alla þessa reynslu.“

Uppgjör Högna við veikindin blasti einmitt við á plötu hljómsveitar hans, Hjaltalín, árið 2012, Enter 4. Það var nauðsynleg vegferð. „Sennilega er engin leið betri og heiðarlegri til að gera upp en listin. Hún leysir hnúta og verður manni heilun. Súmmerar upp á heildrænan hátt. Það getur auðvitað verið hættulegt að velta sér um of upp úr einhverri sjálfsdramatik en á þessum tíma í mínu lífi hafði ég geysilega gott af því. Það var mikilvægt skref á leið minni til heilsu. Þar með gat ég lagt þetta að baki og haldið áfram. Í stað þess að tynast í átt að sólinni.“

Og hvernig líður þér í dag?

„Mér líður bara vel. Þakka þér fyrir að spyrja.“